

HEIMAVIST MA OG VMA

Eyrarlandsvegur 28 • 600 Akureyri • sími 455-1600 • Fax 455-1601
www.heimavist.is • heimavist@heimavist.is • Kt. 630107-0160



Skýrsla fyrir skólaárið 2014-2015

Almennt

Lundur rekur nemendagarða fyrir báða framhaldsskólana á Akureyri; annars vegar í nýbyggingu Lundar og hins vegar í eldri byggingu sem áður hýsti heimavist MA. Byggingarnar eru tengdar saman með björtu og rúmgóðu anddyri.

Lundur er sjálfseignarstofnun sem rekur nemendagarðana á grundvelli þjónustusamnings við menntamálaráðuneytið frá desember 2001. Samningurinn kveður á um að Lundur tryggi íbúum nemendagarðanna frambærilegt húsnæði til búsetu, öruggar og heimilislegar aðstæður ásamt eftirliti með íbúunum auk viðunandi þvottþjónustu og fullnægjandi mötuneytisaðstöðu. Með samningi við mötuneyti MA fól Lundur mötuneyti MA að reka mötuneyti og þvottahús á nemendagörðunum samkvæmt þjónustusamningi Lundar við menntamálaráðuneytið. Á starfsárinu var undirritaður nýr þjónustusamningur við mötuneytið.

Á nemendagörðum Lundar er rými fyrir 333 íbúa og er þá miðað við að tvímennt sé í öll herbergi nýbyggingar, í þrjú stærri herbergi á gömlu vistinni auk níu herbergja á svítum. Hefðbundnu herbergin á gömlu vistinni eru nýtt sem eins manns herbergi á veturna.

Aðsókn

Aðsókn að nemendagörðunum var meiri en hægt var að verða við skólaárið 2014 til 2015 líkt og verið hefur undanfarin ár.

Vegna eftirspurnar er sem fyrr gerð sú krafa gagnvart íbúum sem nýta sér búseturétt hjá Lundi, að þeir skuldbindi sig til að búa á gördunum yfir skólaárið á meðan þeir halda eðlilegri námsframvindu. Góð nýting nemendagarðanna er eðlileg krafa þegar umsóknir um búsetu á gördunum hafa verið töluvert umfram herbergjaframboð. Góð nýting er einnig mikilvæg fjárhagsleg forsenda garðanna. Nemendum sem hætta námi eða falla frá námi er þó unnt að segja upp húsaleigusamningi með stuttum fyrirvara. Á skólaárinu voru nýjar vinnureglur, sem skólameistarar höfðu lagt til vorið 2014, hafðar til hliðsjónar við úthlutun á leigurými á heimavistinni. Gengið er út frá því að ólöggráða nemendur beggja skóla hafi forgang svo og nemendur sem sækja sérnám sem ekki er að finna í þeirra heimabyggð eða nám sem er mikilvægt skólunum. Að þessu frátöldu er lausu rými úthlutað í venjulegu hlutfalli 2/3 MA og 1/3 VMA, þó þannig að skólameistarar og framkvæmdastjóri Lundar leysi sameiginlega úr vandamálum, ef upp koma.

Fjöldi íbúa

Þegar heimavistin hóf starfsemi haustið 2014 voru öll herbergi fullnýtt en líkt og áður eiga nokkrar breytingar sér stað á búsetu íbúa fyrstu daga og vikunnar. Ef miðað er við íbúafjölda 1. október 2014 þá voru alls 327 íbúar á heimavistinni eða 174 íbúar í MA og 153 íbúar í VMA.

Kynjahlutfallið skiptist þannig milli skólana: Hjá íbúum VMA voru alls 39% stúlkur og 61% piltar sem er svipað fyrra skólaári. Hjá MA íbúum fækkaði stúlkum aðeins ef miðað er við fyrra ár eða 66% stúlkur á móti 34% pilta.

Kynjahlutfall allra íbúa hefur verið nokkuð svipað undanfarin ár en stúlkur hafa verið í meirihluta frá árinu 2008. Þetta skólaár var engin undantekning, stúlkur á heimavist voru 54% íbúa en drengir á heimavist voru 46%. Drengjum hefur þó aðeins fjölgað frá fyrra ári.

Ef skoðuð er tafla yfir aldursdreifingu íbúa haustið 2014 voru 69% allra íbúa ólögráða, 69% íbúa MA voru ólögráða en 68% íbúa VMA.

Aldursdreifing íbúa í október 2014

	Aldursdreifing allra íbúa	Aldursdreifing MA íbúa	Aldursdreifing VMA íbúa
Íbúar fæddir árið 1999	4%	6%	1%
Íbúar fæddir árið 1998	35%	36%	35%
Íbúar fæddir árið 1997	30%	27%	32%
Íbúar fæddir árið 1996	22%	23%	20%
Íbúar fæddir árið 1995	8%	8%	8%
Íbúar fæddir árið 1994	1%		3%
Íbúar fæddir árið 1993			1%
	100%	100%	100%

Á hverju skólaári dvelja systkini á heimavistinni en þau fá sérstakan systkinaafslátt af húsaleigunni. Skólaárið 2014 - 2015 bjuggu 12 systkini (24 íbúar) á heimavistinni.

Lögheimili nemenda

Íbúar sækja heimavistina víða að af landinu eins og eftirfarandi tafla sýnir en taflan sýnir flokkun íbúa eftir lögheimilisskráningu í október 2014:

Skipting íbúa eftir skólum og lögheimili í október 2014

	VMA íbúar	MA íbúar	Allir íbúar
Suðvesturland og Suðurland	8%	20%	15%
Vesturland	2%	4%	3%
Vestfirðir	4%	0%	2%
Norðvesturland	24%	18%	21%
Eyjafjörður (þ.m.t. Siglufjörður)	20%	24%	22%
Norðausturland utan Eyjafjarðar	31%	22%	26%
Austurland	10%	12%	11%
Erlendis	1%	0%	0%
	100%	100%	100%

Eins sjá má þá voru flestir íbúar sem sækja heimavistina frá Norðurlandi (Norðausturlandi utan Eyjafjarðar og frá Eyjafirði þ.m.t. Siglufirði). Flestir MA íbúar komu úr Eyjafirði og Norðausturlandi utan Eyjafjarðar en flestir VMA íbúar komu frá Norðausturlandi utan Eyjafjarðar.

Heimili íbúanna

Nemendagarðar Lundar eiga að vera tryggt og öruggt heimili íbúanna og er kappkostað að svo sé enda mikilvægt fyrir íbúa og foreldra/forráðamenn að haft sé eftirlit með hegðan og líðan íbúanna eins og kostur er. Lögð er áhersla líkt og áður á að íbúar temji sér góða umgengni á vistinni, umhirðu herbergja sinna, virði næðistíma á næturna og að öll meðferð áfengis og fíkniefna sé stranglega bönnuð og varði brottrekstur.

Reglum og eftirliti með hegðan og líðan íbúanna var skólaárið 2014-2015 líkt og undanfarin ár fylgt eftir með uppbyggilegum ábendingum og afskiptum eftir þörfum.

Hjúkrunarfræðingur hafði líkt og fyrri skólaár reglulega viðtalstíma á heimavistinni tvisvar í viku, klukkustund í senn og veitti íbúum aðstoð og liðsinni um frekari heilbrigðisþjónustu ef á þurfti að halda. Þá voru læknanemar á vegum „Ástráðs“, félags læknanema um forvarnarstarf með fræðslukvöld á setustofunni. Rætt var t.d. um kynheilbrigði, ótímabærar þunganir og kynsjúkdóma.

Í nóvember var haldin brunaæfing sem tókst með ágætum en mikilvægt er fyrir íbúa jafnt sem starfsmenn að æfa rýmingu á húsnæðinu ef á þarf að halda. Eftir rýmingu heimavistarinnar söfnuðust íbúar saman í Kvosinni í MA þar sem Martha Óskarsdóttir verkefnastjóri eldvarnaeftirlitsins fór yfir hvernig til hefði tekist og hvað þyrfti að bæta.

Undanfarin skólaár hafa íbúar heimavistarinnar ásamt starfsfólki tekið á móti grunnskólanemendum og kennurum þeirra úr nágrennabyggðalögunum. Heimsóknin er skipulögð í samstarfi við námsráðgjafa MA og VMA og felst í kynningu á heimavistinni. Á skólaárinu var tekið á móti rúmlega 200 nemendum úr 9. og 10. bekkjum nágrennabyggðalaganna og fengu þau kynningu á heimavistinni. Að lokinni kynnisferð um húsnæðið var endað á setustofunni þar sem gestir gæddu sér á veitingum og spjölluðu við starfsmenn og íbúa. Vel tókst til með kynninguna og hefur reynslan sýnt að þessar kynningar sem íbúar heimavistarinnar taka þátt í eru að skila sér.

Á starfsárinu var framkvæmd þjónustukönnun meðal íbúa heimavistarinnar að tillögu stjórnarinnar. Könnunin var unnin af nemendum á lokaári í sálfræði við HA undir leiðsögn leiðbeinanda. Könnunin sem lögð var fyrir á netinu tókst með ágætum. Undir lok skólaársins var síðan skýrslu skilað sem var hluti af lokaverkefni nemendanna. Svörun hefði mátt vera meiri en niðurstöður voru engu að síður ánægjulegar og eins gagnlegar sem unnið verður með.

Hagsmunamál íbúa

Íbúar kjósa sér hagsmunaráð heimavistarinnar, öðru nafni heimavistarráð. Heimavistarráð starfaði með framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum og vann að framgangi sameiginlegra hagsmunamála íbúanna. Heimavistarráð skipulagði einnig félagsstarf og vann að undirbúningi viðburða á heimavistinni. Á skólaárinu 2014-2015 stóð heimavistarráð fyrir líkt og áður: jólaföndri, laufabrauðsgerð, jólahlaðborði, Fífa fótboltamóti, páskabingói og í tilefni sumarkomu var grillað og boðið upp á vöfflukaffi. Auk félagslegra viðburða stóð Heimavistarráð fyrir því að bæta sjónvarpsaðstöðu íbúa.

Agamál

Í samstarfi við skólameistara hefur Lundur mótað skýrar vinnureglur um meðferð og afleiðingar áfengisagabrota á heimavistinni. Viðurlögin við áfengisagabrotum fara eftir eðli brotanna en drykkja íbúa á görðunum er brottrekstrarsök. Þá hafa einnig verið mótaðar vinnureglur um meðferð og afleiðingar vímuefnanotkunar sem eru alvarlegustu brot á agareglum nemendagardanna. Áhersla hefur verið lögð á samstarf við foreldra og forráðamenn þegar slík mál koma upp.

Reglur heimavistarinnar voru endurskoðaðar á árinu líkt og árinu áður til að styrkja frekar stöðu skólameistara og Lundar til að fylgja eftir ákvörðun um reglusemi og umgengni.

Skipulags- og rekstrarmál.

Alls störfuðu níu starfsmenn á skólaárinu 2014-2015: Tveir öryggisverðir á næturvakt, tveir starfsmenn á skiptum vöktum á daginn og kvöldin, einn starfsmaður á morgunvöktum og tveir starfsmenn sem sáu um öryggisvörslu, þrif o.fl. um helgar. Auk þjónustustjóra og framkvæmdastjóra.

Á árinu unnu nokkrir íbúar á heimavistinni yfir vetrartímann. Starfið fólst í ýmis konar aðstoð við starfsmann á vakt s.s. við að ryksuga, fylla á lagera o.s.frv. Þrír íbúar störfuðu yfir vetrartímann og unnu að jafnaði alls 3 klst. á viku.

Starfsmenn heimavistar heimsóttu heimavist Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Heimavistarstjóri, skólameistari og húsvörður FNV tóku á móti hópnum og sýndu húsakynni. Þá gafst tækifæri til að bera saman reglur og annað sem snýr að utanumhaldi og rekstri heimavistar.